

UST

Umhverfisstofnun

Environmental and Food Agency of Iceland

• Suðurlandsvegur 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 597 2000

Fax (+354) 597 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun  
Þóroddur F. Þóroddsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

9. janúar 2003


BS


**Efni: Sjóvörn, Húsavíkurbakkar suður að Haukamýri á Húsavík, matsskylda**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 19. desember sl. þar sem óskað er álits á matsskyldu ofangreindrar framkvæmdar. Um er að ræða 150 m langa sjóvörn við Húsavíkurbakka suður af Haukamýrarlæk. Tilgangur framkvæmdanna er að koma í veg fyrir frekara rof í bakka sem sjór hefur gengið nokkuð nærri og grafið sig inn í. Um er að ræða viðbót við sjóvörn sem fyrir er. Efnispörf vegna framkvæmdanna er um 2200 m<sup>3</sup> og verður efni tekið úr Katlanámu sem er opin grjótnáma.

Hér er um að ræða viðbót við eldri sjóvörn og telur Umhverfisstofnun að ekki sé líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér með hliðsjón af eðli, umfangi og staðsetningar framkvæmdarinnar.

Virðingarfyllst,

  
Helgi Jónsson  
forstöðumaður

  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur